

Ársskýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2020.

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Björg Thorarensen stjórnarformaður (til 23. nóvember 2020) og Pétur Dam Leifsson af hálfu Háskóla Íslands, Brynhildur Benediksdóttir og Arnór Snæbjörnsson af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, og Anna Jóhannsdóttir og Sigríður Eysteinsdóttir af hálfu utanríkisráðuneytisins. Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni í hafrétti og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti á Ródos í Grikklandi er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Hafréttarstofnun veitir á hverju ári styrki til þátttakenda frá Íslandi og frá þróunarlöndum. Fyrirhugað var að halda námskeiðið 28. júní - 17. júlí í ár, en sökum heimsfaraldursins Covid-19 varð að aflýsa námskeiðinu. Hið sama gildir um málstofu Rhodes Alumni (fyrirverandi nemenda Ródos-akademíunnar) sem halda átti í tengslum við námskeiðið í tilefni 25 ára afmælis akademíunnar í ár.

Í ágúst kom út á vegum Brill ritið „New Knowledge and Changing Circumstances in the Law of the Sea“ undir ritstjórn forstöðumanns. Ritið, sem er tæpar 500 bls, hefur að geyma, auk inngangsskafla forstöðumanns, 22 greinar byggðar á fyrirlestur fluttum á samnefndri alþjóðaráðstefnu Hafréttarstofnunar og Hafmálastofnunar Kóreu (KMI) í Veröld, H.Í., sumarið 2018.

Fyrirhugað var að Hafréttarstofnun gengist á vormisseri fyrir örnámskeiði í hafrétti fyrir almenning í samstarfi við Íslenska sjávarklasann, en sökum heimsfaraldursins þurfti að slá námskeiðinu á frest. Stefnt er að því að halda það haustið 2021.

Hafréttarstofnun stendur ásamt Háskólanum í Færeyjum og nokkrum öðrum stofnunum að alþjóðlegri fiskveiðiráðstefnu sem upphaflega átti að halda í Þórshöfn í Færeyjum í september en þurfti að fresta vegna heimsfaraldursins. Gert er ráð fyrir að ráðstefnan fari fram í júní 2022.

Norrænni ráðstefnu um lífvísindi í hafinu, „International Law and Marine Bioprospecting in a Nordic Context“, sem Hafréttarstofnun á aðild að og halda átti í október, hefur verið frestað til 30.-31. mars 2021 vegna heimsfaraldursins.

Forstöðumaður Hafréttarstofnunar hélt kennslufyrirlestra í eftirfarandi háskólum og stofnunum á árinu: Queen Mary University of London í Lundúnum, Bretlandi, í febrúar; lagadeild Háskóla Íslands í mars (rafrænt); Háskólanum í Ankara, Tyrklandi, í apríl (rafrænt); O.P. Jindal Global University, Jindal Global Law School, Sonipat, Indlandi, í september (rafrænt); British Institute of International and Comparative Law, Lundúnum, Bretlandi, í september (rafrænt).

Forstöðumaður þáði enn fremur boð um þátttöku í eftirfarandi ráðstefnum á árinu þar sem hann hélt fyrirlestra um málefni á sviði hafréttar: WTO Workshop for the Negotiating Group on Rules – Fisheries Subsidies, Alþjóðaviðskiptastofnuninni, Genf, Sviss, í janúar; Workshop on Satellite Monitoring of Fisheries and Spatial Closures, and the Legal Basis for Using Satellite Data in Enforcement, Oxford Martin School, University of Oxford, Oxford, Bretlandi, í janúar; Award Ceremony of the NILOS Moot Court Competition, Netherlands Institute for the Law of the Sea, Utrecht, Hollandi, í júlí (rafrænt); IFLOS Virtual Event, Law-making in the Law of the Sea and Maritime Law, International Foundation for the Law of the Sea, Hamborg, Þýskalandi, í ágúst (rafrænt); 2020 Global Ocean Regime Conference: The Role of the Law of the Sea and Recent Developments in Global Ocean Governance, Korea Maritime Institute, Busan, Suður-Kóreu, í september (rafrænt); Conference on Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity Beyond National Jurisdiction (BBNJ): Issues and Prospects, Seoul International Law Academy and the Center for International Law at the Institute of Foreign Affairs and National Security, Korea National Diplomatic Academy, Seoul, Suður-Kóreu, í nóvember (rafrænt); Fifth International Conference on the Law of the Sea: Regional Cooperation and Marine Environmental Protection under the UNCLOS Regime, Ministry of Foreign Affairs of the Republic of Korea í samstarfi við Korean Society of International Law og Alþjóðlega hafréttardóminn, Seoul, Suður-Kóreu, í desember (rafrænt).

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í hafrétti við deildina.